

8. júlí 1983

793

Nr. 490

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19.. Gjald þetta skal frá og með 12. júlí 1983 nema kr. 4,77 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 12. júlí 1983. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. .

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 345/1983 verið greitt af birgðum sem til eru þann 12. júlí 1983 skal greiða kr. 0,70 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 12. júlí 1983, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 12. júlí 1983.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 345/1983 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. júlí 1983.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.